

Föstudaginn 27. nóvember 1964.

Nr. 138/1963. **K** (Páll S. Pálsson hrl.)

gegn

M (Ingi R. Helgason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Barnsfaðernismál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. október 1963. Hún fékk gjafsóknarleyfi fyrir Hæstarétti 17. apríl 1964. Krefst hún þess, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og að stefndi verði dæmdur faðir sveinbarns þess, B, er hún ól 3. ágúst 1961, og dæmt skylt að greiða henni fæðingarstyrk, almennt tryggingargjald fyrir árið 1961 og meðlag með barninu frá fæðingu þess til fullnaðs 16 ára aldurs, allt eftir yfirvaldsúrskurði. Þá krefst hún og málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Lögmaður áfrýjanda krefst þess, að honum verði dæmdur málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti úr ríkissjóði.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Stefndi hefur kannast við að hafa haft samfarir við áfrýjanda á þeim tíma, sem gat verið getnaðartími barnsins. Eins og greinir í héraðsdómi, var aðiljum máls þessa og barni áfrýjanda tekið blóð til blóðflokkarannsóknar. Var blóð úr stefnda tekið og rannsakað tvívegis. Læknarnir prófessor Niels Dungal og Valtýr Bjarnason, forstöðumaður Blóðbankans, framkvæmdu þessar rannsóknir. Niðurstaða þeirra varð sú, að stefndi gæti ekki verið faðir barnsins.

Samkvæmt úrskurði Hæstaréttar 22. apríl 1964 var blóð af nýju tekið úr stefnda og úrtakið rannsakað. Var blóðsýnishornið tekið í viðurvist sýslumanns og hreppstjóra, en hreppstjóri tók það þegar í sína umsjá og póstlagði það til Rannsóknarstofu Háskólans. Forstöðumaður rannsóknarstofunnar, prófessor Niels Dungal, hefur í bréfi til lögmanns

stefnda, dags. 11. júní 1964, skýrt svo frá rannsókninni:

„Samkvæmt beiðni sýslumannsins á Húsavík hef ég rannsakað blóð M,, á ný. Tekið var fram, að tryggt hefði verið, að blóðið hefði verið tekið úr þessum manni.

Niðurstaða var þessi:

	Aðalfl.	Undirfl.	C	D	E	c
M	O	M	÷	+	+	+

Samkvæmt þessari rannsókn getur M ekki verið faðir B, sem fæddist 3/8 1961. M er eins og áður cc, en barnið hefur ekkert c, sem það hlyti að hafa fengið, ef hann væri faðirinn.

Í bæði skiptin, sem blóð hefur verið prófað hér frá nefndum M, hefur hann reynzt MN, en nú M. Þetta þarf ekki að þýða það, að blóðið hafi áður verið úr öðrum manni, sem sé MN, heldur getur skýringin verið sú, að N getur horfið úr blóðinu eftir 2—3 daga, en blóðið komst ekki í rannsókn nú fyrr en eftir rúma 3 sólarhringa. Sennilega er M MN, en það breytir engu með tilliti til barnsfaðernismálsins.“

Valtýr Bjarnason, forstöðumaður Blóðbankans, hefur í vottorði, dags. 26. þ. m., skýrt svo frá, að hann hafi verið viðstaddur, er þessi blóðflokkarannsókn prófessors Niels Dungals var framkvæmd.

Framangreinda niðurstöðu blóðrannsóknanna þykir verða að leggja til grundvallar í máli þessu. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm um sýknu stefnda af kröfum áfrýjanda.

Gjafsóknarkostnaður áfrýjanda í héraði og hér fyrir dómi greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun talsmanns áfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst samtals kr. 18.000.00. Að öðru leyti falli málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður um sýknu stefnda, M, af kröfum áfrýjanda, K.

Gjafsóknarkostnaður áfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun talsmanns áfrýjanda fyrir héraðsdómi og Hæstarétti, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmans, kr. 18.000.00.

Að öðru leyti fellur málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti niður.

Dómur aukadóms Þingeyjarsýslu 16. júlí 1963.

Ár 1963, þriðjudaginn 16. júlí, klukkan 13, var á aukadómþingi Þingeyjarsýslu, sem haldið var í skrifstofu embættisins í Húsavík af Jóhanni Skaptasyni sýslumanni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 15/1961: Barnsfaðernismálinu K gegn M, sem dómtekið var 10. þ. m.

Hinn 3. ágúst 1961 ól ógift stúlka, K,, Vestmannaeyjum, lifandi sveinbarn, er hún lýsti M símostöðvarstjóra,, föður að. Hefur hún krafizt þess, að M yrði, að fenginni faðernisviðurkenningu eða undangengnum dómi, skyldaður til greiðslu meðlags, fæðingarstyrks og almannatryggingaiðgjalds og annarra greiðslna, sem barnsfeðrum er skylt að greiða lögum samkvæmt. Enn fremur hefur hún krafizt ferðakostnaðar, kr. 2.000.00, og kaupgreiðslu.

Varnaraðili hefur krafizt algerrar sýknu af öllum kröfum sóknaraðilja og hæfilegra málsvarnarlauna.

Barn það, er um ræðir, hefur sóknaraðili talið, að væri komið undir vegna nauðgunar af hálfu varnaraðilja. Hafði hún kært hann til refsingar í sakadómi Reykjavíkur hinn 10. janúar 1961 fyrir að hafa um mánaðamótin október—nóvember, en sóknaraðili var þá ráðskona hjá varnaraðilja, komið henni í óminnis-ástand með drykk, er hann veitti henni, og síðan haft við hana samfarir, að henni óafvitandi, svo og fyrir að hafa síðar gefið henni kynæsandi pillur í þeim tilgangi, að hún missti stjórn á kynhvöt sinni, og á þann hátt tekizt að hafa við hana samfarir nokkrum sinnum.

Að rannsókn máls þessa lokinni, var af ákærvaldsins hálfu ekki talin ástæða til frekari aðgerða í málinu.

Aðiljar eru sammála um, að sóknaraðili hafi ráðizt ráðskona til varnaraðilja um miðjan október 1960. Þekktust þau ekkert, en varnaraðili hafði sent sóknaraðilja tilboð vegna auglýsingar hennar í dagblaði. Sóknaraðili hafði með sér þrjú börn sín óskil-

getin. Segir hún varnaraðilja þegar eftir komu hennar á heimilið hafa farið að sýna henni ýmiss konar ástleitni, sem hafi verið henni hvímléið, en hún þó ekki lagt í að vísa á bug með ákveðnum hætti. Varnaraðili hefur hins vegar borið, að um ástleitni hafi verið að ræða af beggja hálfu, og hann geti ekki um það sagt, hvort þeirra hafi verið ástleitnara.

Um mánaðamótin október—nóvember 1960 fékk varnaraðili sóknaraðilja til þess að aðstoða við mánaðaruppgjör símsstöðvarinnar. Var þetta um kvöld. Sóknaraðili kveður varnaraðilja hafa flangað utan í sig og hefði hún kunnað því illa og sagzt vera „pirruð“. Hafi hann sagt staup af víni vera gott ráð við því og hafi skenkt þeim drykk úr brúnum miðalausum pela. Drakk hún þrjú eða fjögur smástaup af víni þessu og kveður varnaraðilja einnig hafa dreypt á víninu. Telur sóknaraðili, að henni hafi brugðið undarlega við drykk þenna. Hafi hún lognast út af og ekki vitað af sér fyrr en eftir nokkra klukkutíma. Hafi hún þá verið í svefnstól varnaraðilja, og var kjóll hennar flettur upp að mitti og hún allsnakin að neðan. Til fóta í svefnstólnum hafi varnaraðili verið í hvíttri milliskyrta einni klæða. Hafi henni brugðið illa við og strax borið upp á varnaraðilja, að hann hefði haft við hana samfarir. Játaði hann því hiklaust og kvaðst hafa gætt fullrar varúðar.

Varnaraðili hefur borið, að um fyrrnefnd mánaðamót hafi hann að kvöldlagi fengið sóknaraðilja til aðstoðar við reikningsuppgjör símsstöðvarinnar, og er liðið var á kvöldið, hafi hún haft orð á því, að gott hefði verið að fá snaps. Varnaraðili kveðst hafa átt koníak á pela, blandað með vatni að $\frac{1}{3}$ hluta, á að gizka. Hafi þau drukkið af vínblöndu þessari, en hvorugt orðið áberandi ölvað, þó álítur hann, að sóknaraðili hafi orðið kennd. Á eftir kveður hann þau hafa haft holdlegar samfarir, og hafi það verið með fullu samþykki sóknaraðilja, og að henni fullkomlega meðvitandi, enda hafi hún sjálf afklæðzt, meðan hann sjálfur fór fram á salerni. Segir hann þau síðan hafa sofnað bæði, en vaknað snemma morguns, og sóknaraðili þá flutt sig fram til barnanna.

Kvöldið eftir kveður sóknaraðili varnaraðilja hafa boðið sér róandi pillu, sem hún hafi þegið, en á að gizka tveimur klukkutímum eftir inntöku pillunnar hafi hún verið gripin óviðráðanlegri kynæsingu og að lokum farið inn til varnaraðilja, sem virtist eiga von á henni. Höfðu þau samfarir oftár en einu sinni, en ekki segir hún, að hann hafi fellt sæði til hennar, heldur

hafi hann látið það falla í rúmið. Eftir nokkurn tíma hafi hún snúið til rúms síns.

Daginn eftir kveðst hún hafa verið í miklum taugaæsingi og um kvöldið hafi varnaraðili fært henni pillu, sem hann sagði, að væri róandi fyrir taugarnar. Þessi pilla var öðruvísi útlits en sú, er hann færði henni kvöldið áður. Tók hún inn pilluna, og endurtók sig hið sama og kvöldið áður. Hún komst í óviðráðanlega kynæsingu, fór inn í herbergi varnaraðilja, og höfðu þau oftast en einu sinni samfarir. Vissi hún eigi annað en hann felldi sæði sitt í rúmið.

Daginn eftir segir sóknaraðili, að sér hafi flogið í hug, að pillur þær, er hún hafi þegið af varnaraðilja, hefðu þann eiginleika að æsa upp kynhvatir hennar. Bar hún þetta upp á varnaraðilja, sem synjaði fyrir það og kvaðst geta sannað, að um róandi meðul væri að ræða og annað ekki.

Ekki höfðu þau holdlegar samfarir oftast, þótt varnaraðili leitaði eftir því, samkvæmt framburði sóknaraðilja, sem segist hafa skrifað móður sinni, búsettri í Vestmannaeyjum, um atvik þessi, en segir það bréf aldrei hafa komið til skila. Um jólin hringdi móðir hennar og heyrði þá á henni, að hún teldi sig bágstadda. Hinn 29. desember 1960 kom móðir hennar norður og sótti hana og börnin.

Hinn 2. janúar fór sóknaraðili til Jóns Nikúlássonar, lækni í Reykjavík, sem skoðaði hana og vottaði, að hún væri barnshafandi og gengin með rúmlega tvo mánuði. Kveður sóknaraðili sig seinast hafa haft á klæðum 25.—29. október 1960 og heldur því fram, að hún hafi orðið barnshafandi við fyrstu samfarir hennar og varnaraðilja, sem samkvæmt framburði hennar fóru fram að henni óafvitandi.

Varnaraðili hefur alltaf haldið fast við það, að hann geti ekki verið valdur að þunga sóknaraðilja, því að hann hafi jafnan gætt varúðar við samfarir þeirra. Hann segir sóknaraðilja hafa a.m.k. tvisvar komið til sín eftir fyrstu samfarir þeirra, og hafi þau þá haft samfarir með fullu samkomulagi. Hann hefur borið, að sóknaraðili hafi verið slæm á taugum, og því hafi hann gefið henni róandi pillur, sem hann átti. Hafi hann fengið þær pillur eftir lyfseðli og sagt sóknaraðilja, að hún mætti fara með þær til hvaða lækni sem væri til rannsóknar.

Varnaraðili hefur haldið því fram, að sóknaraðili hafi sagt sér frá nánnum samskiptum hennar við aðra karlmenn, og nefndi hún N, er hún sagðist hafa haft samfarir við, skömmu áður

en hún vistaðist til varnaraðilja. Enn fremur að hún hafi látið í ljós áhyggjur um, að hún kynni að vera orðin vanfær, áður en þau fóru að hafa samfarir. Þessum framburði hefur sóknaraðili mótmælt sem röngum, og N hefur synjað fyrir að hafa nokkru sinni haft samfarir við sóknaraðilja.

Þá hefur varnaraðili borið, að sóknaraðili hafi virzt undrandi yfir komu móður hennar norður og að hún hafi virzt ófús að fara suður.

Að kröfu varnaraðilja var aðiljum máls þessa og barni sóknaraðilja tekið blóð til blóðflokkannsóknar. Niðurstaðan varð þessi:

	Aðalfl.	Undirfl.	C	D	E	c
K, f. 24/5 1932	O	N	+	+	÷	÷
B, f. 3/8 1961	O	MN	+	+	+	÷
M, f. 12/7 1905	O	MN	÷	+	+	+

Samkvæmt þessari rannsókn getur M ekki verið faðir barnsins samkvæmt upplýsingum Niels Dungals prófessors, sem tekur fram, að blóð úr M hafi verið tvívegis rannsakað með sömu niðurstöðu.

Niðurstöðu blóðrannsóknarinnar þykir verða að leggja til grundvallar í máli þessu, og ber því að sýkna varnaraðilja af kröfum sóknaraðilja.

Ekki þykir ástæða til að taka afstöðu til kröfu sóknaraðilja um ferðakostnað og laun í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt, að varnaraðili greiði málflutningslaun talsmanns síns, Inga R. Helgasonar héraðsdómslögmanns, krónur 1.000.00,

Samkvæmt 215. gr. laga nr. 85/1936 skulu málflutningslaun talsmanns sóknaraðilja, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, krónur 1.000.00, greiðast úr ríkissjóði svo og annar kostnaður málsins.

Því dæmist rétt vera:

Varnaraðili, M, skal vera sýkn af kröfum sóknaraðilja, K, í máli þessu.

Málflutningslaun talsmanns varnaraðilja, Inga R. Helgasonar héraðsdómslögmanns, kr. 1.000.00, greiði varnaraðili. Málflutningslaun talsmanns sóknaraðilja, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 1.000.00, svo og annar kostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.